SVANSMERKIÐ
Prentgripur
1041 0858

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2717 Síðan 1968
56. árgangur

Fimmtudagur 7. september 2023

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss



Menntskælingar skírðir í blíðskaparveðri

Nýnemum við ML var smalað ofan í Laugarvatn í blíðviðri þann 25. ágúst sl, þegar hin árlega skírn nýnema fór fram. Þessi skemmtilega hefð slær botninn úr nýnemavikunni þegar fullgildir ML-ingar rísa upp úr vatninu, tilbúnir í ævintýrin sem framhaldsskólaárin hafa í för með sér. Mynd: Menntaskólinn að Laugarvatni/Ívar Sæland

Silja og Kristján taka við rekstri Konungskaffis

Síðastliðinn föstudaginn var hátíð í Konungskaffi á Selfossi en þá tóku þau Silja Hrund Einarsdóttir og Kristján Eldjárn við rekstri kaffihússins en þau hafa síðustu sex árin búið erlendis, en eru bæði fædd og uppalin á Árborgarsvæðinu.

Konungskaffi hefur nú við vaxandi vinsældir starfað í eitt og hálft ár. Eins og öll hin nýju endurbyggðu hús í miðbænum á Konungshúsið eða Konungskaffi sér einstaka sögu. Með fullum rökum er hægt að halda því fram að það sé eitt fyrsta ferðaþjónustuhús á Íslandi, byggt við Öxarárfoss á Þingvöllum sem gestahús Friðriks 8. konungs á ferð hans um landið 1907. En þeir Friðrik konungur og Hannes Hafstein ráðherra riðu Konungsveginn um Árnessýslu sem lagður var í tilefni af komu hins tigna gests. Síðar var Konungshúsið rifið og endurbyggt á Valhallarstíg sunnan við Valhöll og þá gistu þar á Alþingishátíðinni 1930 Kristján 10. konungur sonur Friðriks 8. og Alexandrína drottning hans. Síðar varð húsið nefnt ráðherrabústaðurinn og hinn 10. júlí 1970 varð sá mikli harmleikur að í húsinu fórust þau Bjarni Benediktsson forsætisráðherra og Sigríður Björnsdóttir kona hans þar í eldsvoða og ungur dóttursonur þeirra Benedikt Vilmundarson.


Konungskaffi er það hús sem mörgum þykir skemmtilegt að bjóða gestum sínum kaffi og er nú höfuðgestastofa Selfyssinga. Konungskaffi er notalegt og skreytt með fallegum munum. Eina sem vantar og myndi prýða húsið væru myndir af hinum tignu gestum og ekki síður mynd af Bjarna og Sigríði forsætisráðherrahjónunum.



Silja Hrund Einarsdóttir og Kristján Eldjárn. Mynd: Aðsend.









Grunnskólanum á Hellu veitt viðurkenning fyrir pólskukennslu

Grunnskólinn á Hellu var settur miðvikudaginn 23. ágúst sl. Við það tækifæri afhenti sendiherra Póllands, Gerard Pokruszynski, Magdalenu Przewlocka kennara og Kristínu Sigfúsdóttur skólastjóra heiðursmerki frá menntamálaráðherra Póllands fyrir móðurmálskennslu pólskra nemenda sl. 15 ár.

Sigurgeir Guðmundsson fyrrverandi skólastjóri Grunnskólans á Hellu sýndi mikinn áhuga á að efla móðurmálskennslu í skólanum. Hann „veiddi“ Magdalenu Przewlocka kennara til starfa við skólann eins og hún orðar það sjálf, m.a. til að sinna þessari kennslu. Hún hefur haldið utan um kennsluna æ síðan og gert það afburða vel, ásamt því að annast samskipti við pólska nemendur í skólanum og fjölskyldur þeirra. Margir þessara nemenda hafa tekið stöðupróf í pólsku í 9. eða 10. bekk og staðið sig einstaklega vel.



Gerard Pokruszynski sendiherra Póllands ásamt konu sinni Margherita Bacigalupo-Pokruszynska, Magdalena Przewlocka kennari og Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Hellu.

Í Grunnskólanum á Hellu er mikil fjölmenning og eru börn af erlendum uppruna nú rúmlega 30% af nemendum skólans, þar af um 15% frá Póllandi eða 22 nemendur. *RY*



Laugardagskaffi Sjálfstæðisfélags Hveragerðis

Laugardagskaffi Sjálfstæðisfélags Hveragerðis hefur verið fastur liður alla laugardaga frá hausti fram á vor ár hvert síðan 1996. Þar skiptast frambjóðendur síðasta framboðslista í bland við stjórnarmenn félagsins á að bjóða gestum og gangandi upp á kræsingar og rabb um málefni líðandi stundar auk þess sem kaffið veitir bæjarbúum þægilegan vettvang til að tjá hug sinn og skoðanir. Laugardagskaffið hófst á ný laugardaginn 2. september síðastliðinn.

Gegnum tíðina hafa ýmsir góðir gestir á borð við sveitastjórnarfólk, þingmenn og ráðherra komið sem sérstakir gestir ásamt fólki úr atvinnulífinu og félagastarfi og veitt okkur innsýn í sinn vettvang. Sérstakur gestur fyrsta fundar þessa vetrar var heimakonan og stolt okkar í Sjálfstæðisfélaginu, dóms-



málaráðherra Guðrún Hafsteinsdóttir, sem þessa dagana stendur í ströngu í sínum störfum og var fróðlegt að heyra í henni hljóðið um gang mála. Nú þegar hafa margir meldað sig sem sérstaka gesti hjá okkur og munum við auglýsa á facebook síðu félagsins, D-listinn í Hveragerði, það sem framundan er hverju sinni. Best er því að fylgja okkur að málum þar sem og annars staðar.

Aðrir fastir liðir í félagsstarfinu telja meðal annars jólafögnuð sjálfstæðismanna í Hveragerði, laugardagskaffi Asks, ungra sjálfstæðismanna í Hveragerði, þegar þau taka við keflinu auk páskaeggjaleitar þeirra sem og vorslútts á síðasta kaffi vetrarins en þangað hefur formaður Sjálfstæðisflokksins jafnan vanið komur sínar ár hvert. Þá hefur félagið staðið fyrir ýmiskonar ferðum og viðburðum öðrum.

Það er von okkar að þið, ágætu Hvergerðingar, nærsveitungar og sjálfstæðismenn allir, sjáið ykkur fært að líta við hjá okkur á laugardagsmorgnum í vetur í félagsheimili okkar að Mánamörk 1 frá kl:10:30 – 12:00 og þiggja rómaðar veitingar í góðum félagsskap.

Ingibjörg Zoëga
Formaður Sjálfstæðisfélags Hveragerðis



STARF

Brettu upp ermar með okkur!

Við hjá Landsvirkjun leitum að öflugum verkefnastjóra/verkstjóra til að hafa umsjón með rekstrar- og endurbótaverkefnum við aflstöðvar okkar á Suðurlandi. Viðkomandi mun starfa í nánu samráði við endurbótadeild framkvæmdasviðs við úrlausn verkefna á rafbúnaðar- og vélasviði.


Starfið tilheyrir sviði Vatnsafls og starfsstöð er í Búrfelli þar sem starfar orkumikill hópur með fjölbreytta ábyrgð.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Skipulagning og verkstjórn endurbótaverkefna
- Frágangur tæknigagna og skýrsluskrif
- Ábyrgð á áætlanagerð og eftirfylgni verkefna
- Þátttaka í undirbúningi vegna rekstrar- og framkvæmdaverkefna

Menntun og hæfni:
- Menntun sem nýtist í starfi t.d. af rafmagns- eða vélasviði
- Umtalsverð reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Mikil samskiptafærni, jákvætt hugarfar og metnaður til að vera hluti af orkumiklu teymi
- Sjálfstæði, skipulagsfærni og lausnamiðuð hugsun

Umsóknarfrestur er til og með 14. september
Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf

Landsvirkjun



Dagleg rútína að hefjast

Það hefur sannarlega verið líf og fjör í Sveitarfélaginu Árborg í sumar þar sem bæjarhátíðir, íþróttamót og aðrir viðburðir hafa verið um nánast hverja helgi fyrir okkur íbúa og gesti að njóta. Hin daglega rútína brestur síðan á nú þegar skólarnir hefjast með tilheyrandi viðbótartraffík á morgnana þegar allir þurfa að komast á sína staði. Það er einhver sjarmi við þennan tíma sem erfitt er að festa fingur á, kannski er það bara að við mannfólkið viljum flest í raun hafa ákveðna rútínu á hlutunum.

Ég minni líka ökumenn á að gæta sín og taka tillit til gangandi vegfarenda, ekki síst okkar yngstu samborgara sem nú ganga til mennta.

Umhverfið okkar í sumar

Það má með sanni segja að þetta sumar hafi verið tvískipt. Eftir blauta og kalda mánuði kom sumarið með hvelli í júlí og varla sér fyrir endann á blíðunni sem hefur haft veruleg áhrif á allan gróður. Færri umsóknir um sumarstörf, verkföll, mikið viðhald á tækjum og skerðing vinnuskóla gerði vinnu umhverfisdeildar sveitarfélagsins erfitt fyrir í sumar en engu að síður hafa starfsmenn umhverfisdeildar unnið frábært starf við að halda flestum svæðum í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins vel hirtum, komið niður sumarblómum og skreytingum svo eftir er tekið. Það viðurkennist þó, án þess að á nokkurn sé hallað, að ekki tókst að halda áætlun um snyrtingu á öllum götum og svæðum eins og vonir stóðu til. Vil ég því þakka öllum þeim íbúum sem hafa af mikilli ósérhlífni tekið sig til og snyrt sitt nánasta umhverfi í sumar. Það er bæði gleðilegt og þakkarvert að sjá og heyra af því hvernig íbúar taka til hendinni og leggja fram aðstoð sína við að halda umhverfinu snyrtilegu.


Breyttur opnunartími sundlauga Árborgar

Sveitarfélagið hefur undanfarna mánuði staðið í erfiðum aðgerðum til hagræðingar í rekstri. Það hefur m.a. falið í sér skerðingu á þjónustu, frestun framkvæmda og því miður, uppsögnum starfsmanna. Markmið þeirra aðgerða sem ráðist hefur verið í er m.a. að lækka rekstrarkostnaðinn sem hefur vaxið of mikið undanfarin ár í hlutfalli við tekjur. Meðal þeirra þjónustuþátta sem verður fyrir skerðingu eru sundlaugarnar okkar og þrátt fyrir að rekstur þeirra sé ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga, telja flestir þær mikilvægan hluta af daglegu lífi samfélagsins. Undirritaður er í þeim hópi.

Það er ekki sjálfsögð eða einföld aðgerð að skerða opnunartíma stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins en nauðsynleg við núverandi aðstæður. Þannig mun breyting á opnunartíma sundlauganna skila sparnaði upp á um 50 milljónir króna á ári, þar af um 20 milljónum vegna sundlaugarinnar á Stokkseyri og 30 milljónum í heildina í Sundhöll Selfoss.

Það er langt því frá stefna okkar í bæjarstjórn að skerða framboð til heilsueflingar fólks og helst vildi undirritaður geta bætt í fremur en dregið úr. Aðstæður á þessum tímapunkti knýja okkur því miður til þeirra aðgerða. Það er mín einlæga trú og markmið að hægt verði að auka opnunartímann aftur í báðum sundlaugum fyrr en seinna enda tel ég að við séum öll sammála um að gott aðgengi að sundlaugum landsins sé til hagsbóta fyrir samfélagið.

Að lokum hvet ég okkur öll til að líta björtum augum til haustsins og njóta útivistar sem kostur er í okkar fallega umhverfi.



Bragi Bjarnason

Formaður bæjarráðs og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg

Tölvulistinn tekur við þjónustu Símans á Selfossi

Síminn hefur samið við Heimilistæki/Tölvulistann um frekara samstarf fyrirtækjanna en nú munu Heimilistæki/Tölvulistinn taka að sér endursölu og þjónustu fyrir Símann á Selfossi og í Reykjanesbæ. Áður hafa Heimilistæki/Tölvulistinn verið endursöluaðili Símans á Egilsstöðum en frá og með 1. september munu þau taka að sér að þjónusta viðskiptavini Símans í alls þremur bæjarfélögum.

Viðskiptavinir Símans í þessum bæjarfélögum og nærsveitum geta því fengið alla ráðgjöf og þjónustu hjá Heimilistækjum/Tölvulistanum varðandi fjarskiptaþjónustu, útskipti á búnaði ofl.

„Við erum afskaplega ánægð að geta stækkað samstarf okkar við Heimilistæki/Tölvulistann sem hefur gengið afskaplega vel og við þannig aukið aðgengi



að þjónustu og ráðgjöf sem viðskiptavinir okkar geta fengið í sinni heimabyggð. Þeirra starfsfólk þekkir þjónustu Símans mjög vel og eru þau frábærir fulltrúar okkar á staðnum ásamt því að hafa tæknilega þekkingu sem hjálpar okkur að veita enn betri þjónustu sem skiptir okkur máli," segir Lárus Gunnarsson, leiðtogi einstaklingssölu hjá Símanum.

„Eftir áratuga gott samstarf á Egilsstöðum, þar sem Heimilistæki/Tölvulistinn hafa sinnt viðskiptavinum Símans við góðan orðstír, þá er það mikið gleðiefni að útvíkka samstarfið. Við hlökkum til samstarfsins og bjóðum viðskiptavini Símans á Selfossi og í Reykjanesbæ velkomna í verslanir okkar," segir Hlíðar Þór Hreinsson, framkvæmdastjóri Heimilistækja og Tölvulistans.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentgripur 1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Í landsins vitum loga bar,
í ljósabúð er keyptur.
Í útvarpstæki áður var,
einn í plús er leiftur.

Svar við gátu í blaði 2716: **HESTUR**
1. **Hestur** heys er 100 kg - 2. White **Horse**
3. Hjól**hestur** - 4. Reið**hestur**

Sunnlenski matgæðingurinn

Tómas Sjöberg Kjartansson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Ég þakka þennan mikla heiður að fá að vera matgæðingur vikunnar. Þetta er búið að vera á bucket listanum síðan ég var ungur peyi.

Ég er enginn listamaður í eldhúsinu en hef gaman að áskorunum og að prófa allskonar.

Meistarinn hann Baldvin Hólm Júlíusson var matgæðingurinn um daginn og hann sendi inn eina réttinn sem ég er með algjörlega á lás og klikkar aldrei. Takk fyrir það.

En rétturinn minn í dag er bragðmikill og skemmtilegur og ég hef eldað hann einu sinni með prýðis árangri.

Þorskur með inversku ívafi

Fyrir fjóra til sex

1 kg þorskhnakki
1 tsk gróft salt
1/2 tsk nýmalaður pipar
1 tsk garam masala
2 tsk túrmerik
1 tsk papriku duft
1/2 hvítlauksduft

Sósan
75 g smjör
2 skalottulaukar
4 hvítlauksrif
1 kanilstöng
1 msk paprikuduft
2 tsk túrmerik
1 tsk broddkúmen
1 tsk garam masala
fræ úr 4 kardimommum
3-4 negulnaglar
2 msk tómatpúre
1 dós niðursoðnir tómatar
Safi úr 1/2 sítrónu
150 ml rjómi

Setjið þorskinn í skál og blandið kryddinu saman við, garam masala, túrmeriki, paprikudufti og hvítlauksduftinu. Saltið og piprið og látið síðan standa í ísskáp í um klukkustund. Fiskurinn þéttist aðeins við að liggja í salti í þennan tíma.

Takið eina kanilstöng, þrjá til fjóra negulnagla og svo fræin úr fimm kardimommum. Það kemur mikið bragð úr þessum kryddi.

Skerið tvo skarlottulauka og hvítlauksrifin smátt niður og steikið í smjörinu.

Bætið við kúfaðri skeið af papríkudufti saman við sósuna.

Tvær kúfaðar skeiðar af tómatmauki gefa sósunni fallegan lit og kraft. Og svo túrmeriki, broddkúmeni og garam masala kryddblöndu. Bætið rjómanum saman við og hitið að suðu og látið sósuna krauma í 15 mínútur.

Ég klæði i ofnskúffu með álpappír og legg fiskinn ofan á. Blússhita ofninn á hæsta mögulega hita með grillið í gangi!

Setjið fiskinn í miðjan ofninn og grillið í sjö til átta mínútur.

Tyllið svo fisknum í sósuna og skreytið með steinselju, eða kóríander.

Berið á borið með hrísgrjónum og þessu ótrúlega einfalda tómat- og lauksalati. Skerið laukinn og tómatana með mandólíni. Raðið á disk. Setjið safa úr hálfri sítrónu yfir og svo skvettu af jómfrúarolíu. Saltið og piprið.

Ég skora næst á Ragnar Örn Traustason þann mikla Selfyssing og frænda minn. Það verður virkilega gaman að sjá hvað hann dregur fram úr erminni. Ég bjó nefnilega með honum í nokkur ár og varð eiginlega alls ekki var við nein meistaraverk í eldhúsinu frá honum. Það kom fyrir að hann lét sér nægja nostra við einn bragðaref í kvöldmat og stundum var það bara Homeblest pakki og 1 líter af Nýmjólk.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

Að vinna saman að betra samfélagi í rusli

Það vakti furðu að sjá frétt á heimasíðu sveitarfélagsins Árborgar og í fleiri miðlum s.l. mánudag þann 28. ágúst s.l. með fyrirsögninni;

Grenndarstöð Eyrarbakka lokað. Í fréttinni segir;

„Vegna slæmrar umgengni hefur verið ákveðið að fjarlægja grenndarstöðina á Eyrarbakka tímabundið. Umgengni við grenndarstöðina er algerlega óviðunandi og flokkun verulega ábótavant. Losun á grenndarstöðinni hefur verið vikuleg í allt sumar og ávallt hefur aðkoman verið í ólagi. Staðsetning grenndarstöðvar verður endurskoðuð.“

Fréttinni fylgja svo þrjár myndir sem væntanlega eiga að tryggja réttmæti þessarar aðgerðar. Rétt sólarhring eftir tilkynninguna er grenndarstöðin horfin.

Ekki hefur komið fram hvenær hefja á vinnu við endurskoðun á staðsetningu grenndarstöðvar, né nokkuð annað um næstu skref s.s. hvort að grenndarstöð verði staðsett á Eyrarbakka.

Eðlilega fara samfélagsmiðlar á hliðina og kunnugleg stef byrja s.s. ekki var tæmt úr stöðinni vikulega eins og fullyrt er í fréttinni. Vantað hefur lok á nokkurn fjölda tunna í stöðinni í rúmlega hálft ár. Það er nánast sama hversu vel er um loklausa tunnu gengið, rusl mun fjúka upp úr henni. Fuglar s.s. hrafninn eiga greiða leið í sorpið og róta í því og dreifa. Í rúmlega hálft ár hafa íbúar vakið athygli sveitarfélagsins á að lok vanti og að ástandið sé óboðlegt án þess að brugðist hafi verið við.

Svo eru það auðvitað ferðamenn sem fullyrt er að geta aldrei gengið þolanlega um nokkurn hlut. Staðsetningin er röng og illa ígrundið og fleira má telja til.

Aðgerð sveitarfélagsins er gerræðisleg og umræðan er óvægin. Við eigum í senn að vita betur og að gera betur.

Ef þetta ástand hefur verið svona í allt sumar eins og fullyrt er í frétt sveitarfélagsins, því var þá ekki brugðist miklu fyrr við ástandinu af hálfu sveitarfélagsins með mildum og lausnarmiðuðum hætti í stað þess að láta það þróast með þeim hætti sem orðið er?

Á grunni jafnræðis og góðrar stjórnsýslu er mikilvægt að kynna hið nýja verklag fyrir öllum íbúum í sveitarfélaginu þannig að íbúar hvar sem þeir búa í Árborg viti á hvaða tímapunkti lélegrar umgengni grenndarstöð þeirra verði numin á brott á innan við sólarhring með fréttatilkynningu?

Væntanlega mun koma í ljós í þeirri kynningu hvort að hið nýja fyrirkomulag/verklag eigi einnig við um sorphirðu á lóðum einstaklinga og fyrirtækja í Árborg.

Að aðgengi íbúa á Eyrarbakka að lögbundinni þjónusta sveitarfélagsins skuli gróflega skert og það á tímapunkti þegar verið er að umbylta sorpmálum er einfaldlega rangt. Rétt er að hafa í huga að í lögum um meðhöndlun úrgangs segir;

„Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu.”

Það ætti að vera öllum ljóst að sú staða sem allir íbúar á Eyrarbakka eru settir í með opinberri yfirlýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins og annari umfjöllun í framhaldi af henni er ómakleg og óverðskulduð.

Vinnum frekar að betra samfélagi með virku samtali, tölum í lausnum, bregðumst við jafn óðum. Aukum fjölda grenndarstöðva á Eyrarbakka og sem víðast í sveitarfélaginu, þannig að allir íbúar hafi jafna möguleika á að vera til fyrirmyndar í sorpmálum sem öðrum málum.

Guðmundur Ármann Pétursson



Starfsmaður Óskast

Vélsmiðja Suðurlands óskar eftir að ráða járnsmið/vélvirkja eða starfsmann vanan málmsmíði. Erum staðsett á Selfossi Framtíðarstarf í boði.

Umsóknir sendist á velsud@velsud.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980



NÝTT IÐNAÐARBIL TIL LEIGU

Bilið er 98,5 m² að grunnfleti.
Stór innkeyrsluhurð og mikil lofthæð.

Nánari upplýsingar gefur Guðjón í síma 888 8002 eða í tölvupósti 800lagnir@800lagnir.is.

FOSSRAF

RAFVIRKJAR

Fossraf ehf. óskar eftir að ráða til starfa aðila sem hefur reynslu af rafvirkjun. Til greina kemur að ráða inn nema samhliða öðrum ráðningum. Við leitum að starfsfólki sem er laghent og fellur vel að góðum hópi starfsfólks okkar.

Starfssvið
- Almenn rafvirkjun.
- Þjónustuheimsóknir til viðskiptavina.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Rafvirki, rafeindavirki eða aðili með góða reynslu.
- Drifkraftur og hæfni til að leiða verkefni og/eða hópa.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Fossraf ehf. er að hluta í eigu Fastus ehf. og á sameiginlegu tæknisviði starfa nú ríflega 50 tæknimenn. Félagið þjónustar mörg af stærri fyrirtækjum og stofnunum landsins. Hjá félaginu er samhent og virkt starfsmannafélag. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Birkir Pálsson, birkir@fossraf.is og í síma 897 855.

LEIKSKÓLAKENNARI ÓSKAST

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir metnaðarfullum leikskólakennara til starfa í 100% stöðu. Einnig kemur til greina að ráða leikskólakennara í hlutastarf. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum.

Helstu verkefni:
- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Vinnur að faglegu starfi og samvinnu innan skólans
- Foreldrasamstarf

Fríðindi í starfi:
- Frítt fæði
- Fatastyrkur
- Sund/líkamsræktarkort Bláskógabyggðar
- Skapandi starfsumhverfi
- Stytting vinnuvikunar

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Leikskólakennaramenntun
- Ef ekki fæst leikskólarkennari í starfið þá kemur til greina að ráða einstakling með aðra uppeldismenntun
- Góð kunnátta í íslensku
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum
- Reynsla er æskileg



Nánari upplýsingar veitir
Lieselot Simoen leikskólastjóri
í síma 480-3051

Umsóknir sendist á netfangið: alfaborg@alfaborgleikskoli.is
Umsóknarfrestur er til 17.september 2023

FUNDIR

Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta


KÚABÆNDUR ATHUGIÐ!
Tek að mér klaufsnyrtingar á kúm. Er staðsettur á Suðurlandi en skoða einnig ferðir á vestur og austurland ef óskir berast. Er með nýjan bás sem leggur kýrnar á hlið við klaufskurðinn.
Tek við pöntunum og/eða fyrirspurnum í síma 894 1784 eða tölvupósti hoskuldurjensson@gmail.com.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is


KIRKJA

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 10. september kl. 11:00, Kirkjukórinn syngur undir stjórn Edit A. Molnár, prestur Guðbjörg Arnardóttir. Sunnudagaskóli á sama tíma kl. 11:00, umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir ásamt leiðtogum.
Morgunbænir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Fyrsta þriðjudagssamveran þriðjudaginn 12. september kl. 14:00.
Foreldramorgnar miðvikudaga kl. 10:30-12:00.
Sjá upplýsingar um barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar á selfosskirkja.is

Strandarkirkja
Uppskeruguðsþjónusta kl. 14:00 Félagar í Kór Þorlákskirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur, organista. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar. Verum öll velkomin.

Skálholtsdómkirkja
Alþjóðlegur forvarnardagur sjálfsvíga. Gul messa kl. 11:00. Sr. Jóhanna Magnúsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari. Organisti er Jón Bjarnason.

Þingvallakirkja
Alþjóðlegur forvarnardagur sjálfsvíga. Gul messa kl. 14:00. Sr. Jóhanna Magnúsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari. Organisti er Jón Bjarnason.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar sunnudaginn 10. september kl.11:00 í Hvítasunnukirkjunni Selfossi, Austurvegi 40B. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að úrbótum ýmiskonar vandamála, líkamlegra sem andlegra. Það má líka fara aftur í tímann og sjá löngu liðna atburði, hætta reykingum og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur** en með honum má sjá ástand viðkomandi, líkamlegt og andlegt. Þessu fylgja ráð um hvernig breita má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með Nudd og svæðanudd -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Fimmta og síðasta umferð Íslandsmótsins í motocross


Eric Máni Guðmundsson sigraði unglingaflokkin. Mynd: Aðsend.

Fimmta og síðasta umferð í Íslandsmótinu í motocross fór fram í Bolaöldu þann 26. ágúst s.l. Aðstæður til keppni voru mjög erfiðar og krefjandi en mikil rigning og sterkar vindhviður settu mark sitt á keppnina. Alls tóku um rúmlega 60 keppendur þátt í mótinu sem haldið var á vegum Vélhjólaklúbbsins VÍK. Eric Máni sigraði unglingaflokkin og tryggði sér því Íslandsmeistartitilinn í flokknum annað árið í röð. Alexander Adam lenti í öðru sæti í flokknum MX2 eftir hörku baráttu við Eið Orra Pálmarsson. Alexander endaði því í öðru sæti til Íslandsmeistara í flokknum MX2. Í kvennaflokk varð Ásta Petrea Hannesdóttir í þriðja sæti eftir daginn sem skilaði henni þriðja sæti í Íslandsmótinu eftir sumarið og er þetta hennar besti árangur hingað til. Nýliðinn Annel Adamsson tók þátt í sinni fyrstu motocross keppni í sumar og stóð sig ótrúlega vel við þessar krefjandi aðstæður sem voru þennan dag. Við vonumst til að sjá hann áfram á ráslínu.

Við óskum öllum félagsmönnum og iðkenndum innilega til hamingju með árangur sumarsins.

Fréttatilkynning frá UMFS



Þórfríður nýr þjálfari hjá Frískum Flóamönnum

Þórfríður Soffía Haraldsdóttir er nýr þjálfari hjá hlaupahópnum Frískum Flóamönnum á Selfossi. Þórfríður er menntaður sjúkraþjálfari og eigandi Slitgigtarskóla Þórfríðar. Hún hefur persónulega reynslu af hlaupum bæði á malbiki og utanvega.

Þórfríður mun leggja áherslu á gæðaæfingar einu sinni í viku sem hún mun stýra sjálf og vera með á. Þá verður hún með styrktaræfingar, teygjur og fyrirbyggjandi æfingar til að minnka álag og líkur á meiðslum.

Fyrsta æfing vetrarins með Þórfríði þjálfara verður þriðjudaginn 19. september nk.

Um hlaupahópinn:

Æfingar hjá Frískum Flóamönnum eru þrisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:15 og á laugardögum kl. 9:10, mæting fyrir framan Sundhöll Selfoss. Allir velkomnir hvort sem er byrjendur eða lengra komnir og æfingar eru öllum að kostnaðarlausu.

Félagsskapurinn er að jafnaði með u.þ.b. 30 virka æfingafélaga sem mæta á æfingar en misjafnt er hvort þeir mæta á eina eða allar æfingar vikunnar. Mæting er algjörlega frjáls og hver og einn getur ráðið hvernig hann vill mæta. Félagar eru á öllum aldri og með misjafnlega mikla reynslu af hlaupum.

Tvö stærstu verkefni hlaupahópsins eru brautarvarsla í Laugavegshlaupinu sem fer fram um miðjan júlí ár hvert og framkvæmd Stúdíó Sport hlaupsins, 5 og 10 km götuhlaup á Selfossi sem fram fer 1. maí ár hvert.

Tuttugu manna hópur frá Frískum Flóamönnum er að fara til Slóveníu 7. september nk. að taka þátt í utanvegahlaupinu Julian Alps Trail Run, í vegalengdum allt frá 10 km með 290 m hækkun upp í 60 km með 3030 m hækkun.

Við bjóðum nýja meðlimi velkomna á æfingar og hlökkum til að starfa með Þórfríði í vetur.

Stjórn FF



Deiliskipulag af athafnasvæði við Sólheimaveg

Fyrsta skóflustunga að nýju athafnasvæði við Sólheimaveg

Íða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps, tók í dag fyrstu skóflustungu á nýju athafnasvæði við Sólheimaveg.

Deiliskipulag svæðisins tók gildi á vormánuðum og var verkið boðið út í kjölfarið og átti Suðurtak lægsta tilboð. Svæðið í heild sinni telur 52 lóðir á um 23 hektara svæði en í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 11 lóðum.

Borið hefur á aukinni eftirspurn eftir athafnalóðum sem henta stærri sem smærri fyrirtækjum og verktökum og er markmið verksins að styrkja atvinnulíf og byggðaþróun í sveitarfélaginu.



Verklok eru áætluð í nóvember 2023 og er stefnt er á úthlutun lóða í október.



Ársfundur Samtaka þekkingarsetra haldinn á Selfossi

Í tilefni af ársfundi Samtaka þekkingarsetra SÞS stóðu samtökin fyrir málþingi á Selfossi þann 29. ágúst sl.

Til umfjöllunar voru þau verkefni og hlutverk sem setrin gegna á sínum svæðum og mikilvægi þeirra í samfélaginu, ásamt þeirri staðreynd að setrin sem mynda samtökin eru með lausa samninga við Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið / HVIN og hafa verið svo síðan 2018, með tilheyrandi óvissu í rekstri.

Til þingsins voru jafnframt boðaðir fulltrúi ráðuneytisins, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra, auk eigenda setranna og aðstandenda. Á málstofunni voru erindi frá Ingunni Jónsdóttur formanni SÞS og framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands, Þorvari Árnasyni forstöðumanni Rannsóknarstofnunar Hí á Hornafirði og Tryggva Hjaltasyni stjórnarformanni Þekkingarseturs Vestmannaeyja auk erindis frá Áslaugu Örnu ráðherra.

Í framhaldinu af erindunum voru settar upp pallborðsumræður sem í voru auk ráðherra, Sæunn Stefánsdóttir forstöðumaður Stofnunar rannsóknarsetra HÍ og stjórnarkona í Háskólafélaginu, Austurbrú og Þekkingarsetri Vestmannaeyja; Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir þingkona Suðurkjördæmis og Teitur Björn Einarsson þingmaður Norðvestur kjördæmis.

Góður rómur var gerður að erindunum, sem og góðum og málefnalegum umræðum í pallborði. Félagar í Samtökum þekkingarsetra tóku með sér góðan stuðning og skilning á mikilvægi þeirrar vinnu sem unnin er á þeirra vegum og þakkar öllum þátttakendum fyrir komuna og innleggin.

Háskólafélag Suðurlands

Velkomin í Selfosskirkju

Þriðjudagssamvera í Selfosskirkju

Þriðjudagssamverur hefjast á ný í september og verða aðra hverja viku frá kl. 14–15:30. Samverurnar eru léttar og óformlegar að vanda með heimilislegu andrúmslofti og góðum gestagangi, að ógleymdu rjúkandi kaffi. Gestur fyrstu samverunnar 12. september er Ásta Kristrún Ragnarsdóttir. Eigum saman góða stund, spjöllum og tökum jafnvel lagið.

Foreldramorgnar í Selfosskirkju

Foreldramorgnar hefjast í Selfosskirkju miðvikudaginn 13. september og verða vikulega kl. 10:30–12. Foreldramorgnar eru heimilislegar og gefandi samverustundir foreldra og barna uppi á baðstofuloftinu, yfir góðum kaffibolla og spjalli. Einnig fáum við fræðandi innlit á önninni frá ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum, m.a. um skyndihjálp ungbarna.

Helgihald

Messað er alla sunnudaga í Selfosskirkju kl. 11:00 nema þegar auglýst er kvöldmessa. Sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11:00. Morgunbænir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Barna-, æskulýðs- og kórastarf

Í boði er margs konar starf fyrir börn og unglina, sjá upplýsingar á selfosskirkja.is og Facebook síðu kirkjunnar.

12 spora starf

Fyrsti kynningarfundur fimmtudaginn 14. september kl. 20:00

Verið öll hjartanlega velkomin til kirkjunnar.

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfusi

ÖLFUS

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar bæjarstjórn Ölfuss þann 31. ágúst, í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar höfðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Breyting á deiliskipulagi Sólbakka sem áður hét Hlíðatunga land

Lögð er til breyting á deiliskipulaginu „Hlíðartunga land, Ölfusi" en landið heitir nú Sólbakki. Er þetta í annað sinn sem deiliskipulaginu er breytt. Lóðinni Sólabakka 3 er skipt í tvær lóðir. Við það verða 4 samliggjandi íbúðarlóðir á svæðinu.

Byggingarheimildir á hverri lóð verði i samræmi við aðalskipulag eða samtals 2020 m^2 sem er tæplega 0,15 í nýtingarhlutfall.

Deiliskipulagstillaga fyrir Móa svæði II

Um er að ræða deiliskipulagstillögu sem sýnir deiliskipulag 2. áfanga fyrir Móa í Þorlákshöfn. Svæðið er í aðalskipulagi merkt ÍB8 og VÞ2. Skipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúða í rað- par- og fjölbýlishúsum auk þess sem gert er ráð fyrir verslunar og þjónustulóð nyrst á svæðinu.

Deiliskipulagstillaga fyrir Sandhól í Ölfusi

Deiliskipulagstillagan skilgreinir byggingarreiti fyrir íbúðarhús, frístunda- og gestahús og úthús. Einnig er landinu skipt í tvo hluta og skilgreindar heimildir til uppbyggingar á reitunum.

Deiliskipulagstillaga fyrir Þórustaði í Ölfusi

Skilgreindar eru heimildir fyrir frekari uppbyggingu á lögbýlinu Þórustöðum. Gert ráð fyrir stækkun svínabúsins og er landmörkum breytt lítillaga í tillögunni. Landskiki færður úr Þórustöðum 2 yfir í Þórustaði 1 en báðar landareignirnar eru eign sama aðila.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hágljúfur í Ölfusi

Eftirtalin skipulagstillaga var samþykkt til auglýsingar bæjarráði þann 20. júlí, í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan hafði áður verið samþykkt til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd.
Tillagan markar 3 lóðir, eina fyrir skemmu og tvær fyrir íbúðarhús og gestahús í samræmi við heimildir aðalskipulags. Skilgreindir eru byggingarreitir og settir skilmálar fyrir uppbyggingu í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 7. september til 19. október 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið www.skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 19. október 2023.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2717 Fimmtudagur 7. september 2023

Samkomulag um uppskiptingu Alviðru og Öndverðarness II

Héraðsnefnd Árnesinga og Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, hafa gert með sér samkomulag um uppskipti á sameiginlegri eign; jörðunum Alviðru og Öndverðanesi II við Sogið.

Jarðirnar hafa verið sameign þessara aðila um áratuga skeið. Árið 1973 gaf Magnús Jóhannesson bóndi í Alviðru í Ölfushreppi út gjafabréf þar sem sýslunefnd Árnessýslu (nú héraðsnefnd Árnesinga) og Landvernd voru boðnar til eignar jarðeignir hans, Alviðra í Ölfushreppi og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi, með mannvirkjum öllum, gögnum og gæðum óskertum.

Með samkomulaginu er jörðunum Öndverðarnesi II og Alviðru skipt upp. Í hlut Landverndar kemur Alviðra, bæði land, veiðiréttur og húseignir. Í hlut héraðsnefndar kemur Öndverðarnes II og hlunnindi þess. Samkomulagið er gert til að auðvelda rekstur og stjórnsýslu en nýting svæðisins verður áfram með áþekkum hætti og í fullu samræmi við gjafabréfið. Í gjafabréfi Magnúsar er kveðið á um landgræðslu og náttúruvernd, en jafnframt má nýta landið til skipulagðar sjálfbærrar búfjárbeitar, matjurtaræktunar, skógræktar, endurheimtar votlendis, útivistar og fræðslustarfsemi.



Gengið frá samningi um uppskiptin. Á mynd frá vinstri: Margrét Auðunsdóttir, stjórn Landverndar, Smári B. Kolbeinsson, stjórn héraðsnefndar Árnesinga, Tryggvi Felixson, þáverandi formaður Landverndar, Helgi Kjartansson, formaður héraðsnefndar Árnesinga og Páll Ásgeir Ásgeirsson, stjórn Landverndar.

Með samkomulaginu skuldbindur héraðsnefnd Árnesinga sig til að vinna að því að fá Öndverðarnes II friðlýst á grundvelli 56. gr. náttúruverndarlaga og hefur erindi þess efnis verið sent til stjórnvalda. Öndverðarnes II verður þannig opið almenningi til útvistar og unaðsstunda, núverandi göngustígum og merkingum verður viðhaldið, aðstaða til náttúruskoðunar verður bætt, furuskógarreitur hirtur og gerður aðgengilegur og frekari útbreiðsla hans takmörkuð og náttúrulegur birkiskógur varðveittur. Gestum Alviðru verður veittur óhindraður aðgangur að Öndverðarnesi II til fræðslu, útvistar og upplifunar. Málsaðilar munu reglulega koma saman til að fylgja eftir að farið sé að ákvæðum gjafabréfs Magnúsar.

Stjórn Landverndar hefur skipað stjórn fyrir Alviðru sem rekin verður sem sjálfstæður lögaðili með náttúruvernd og náttúrumennt að leiðarljósi.

Fullt út úr dyrum hjá Listasafni Árnesinga

Tvær sýningar voru opnaðar í Listasafni Árnesinga laugardaginn 2. september og mættu um 1200 manns á opnun. Á einum tímapunkti myndaðist röð úr kömbunum að fallega safni Árnesinga í Hveragerði.

Stemmningin var einstaklega skemmtileg og ekki skemmdi fyrir íranskir tónar bárust úr sal 4 þar sem Jakob Veigar, heimamaður sýnir mögnuð verk sín. Ragnheiður Jónsdóttir er lifandi goðsögn í íslenskri myndlist og þykir sýningin hennar stórkostleg. Opið alla daga nema mánudaga í safninu og frítt inn. Lesa má meira á heimasíðu safnsins www.listasafnarnesinga.is.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Píplagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnaþjónustan ehf
Píplagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is